

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. febrúar 2006.

Efni: Frv. til laga um breytingu á I. um einkahlutafélög nr. 138/1994 (445. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er einkum ætlað að bæta reglum um stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda við lög um einkahlutafélög.

Síðustu áratugir hafa verið áratugir vaxandi viðskipta. Höftum og bönnum hefur verið aflétt af viðskiptalífi, og fjármagnsmarkaði vestrænna ríkja, sem hefur skapað því víðara svigrúm en áður hefur þekkt. Þetta svigrúm hefur viðskiptalífið notað til að vaxa og þróast. Þrátt fyrir þetta aukna frelsi hefur ríkisvaldið enn töluverða stjórn á viðskiptum með margvíslegri íhlutun og reglusetningu. Þrátt fyrir bætt viðskiptalíf og aukna tækni hefur regluverk viðskiptalífs og fjármagnsmarkaðar aldrei verið flóknara og viðameira. Aukin tækni og framþróun virðist hafa einfaldað allt líf manna nema reglurnar sem þeir búa við. Fyrirfram hefði mátt búast við því fram að aukin framþróun sem einfaldar líf og viðskipti myndi einnig einfalda lög og reglur en reynslan hefur verið þveröfug.

Þegar löggjafinn hyggst setja reglur um íslenskt viðskiptalíf er ekki nóg að hann færi rök fyrir því að tiltekin regla sé í sjálfu sér æskileg heldur verður einnig að rökstyðja að nauðsynlegt sé að löggjafinn setji regluna. Þannig verður að rökstyðja að ekki sé hægt að setja viðkomandi reglu í samþykktir félaga, leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eða reglur kauphalla. Þeirri röksemd er ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Viðskiptalífið telur sig betur í stakk búið heldur en ríkið til að setja sér reglur. Öll lagasetning um viðskiptalífið er í eðli sínu íþyngjandi og löggjafinn á því að stíga létt til jarðar í þessum efnum. Löggjöfin á ekki að teygja sig inn á fleiri svið nema ljóst sé að markmiðum hennar verði ekki náð með öðrum hætti.

Í 2., 4. og 6. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að stærri félög skuli setja sér starfskjarastefnu. Í kafla 3 B í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð gaf út í samstarfi við Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins er mælt með að félög skipi sérstakar starfskjaranefnd. Í grein 2.2.4 í Reglum Kauphallar Íslands er áskilið að upplýsa skuli um kaupréttaráætlanir til handa starfsmönnum. Í greingerð með frumvarpi því er hér er til skoðunar eru ekki færð

rök fyrir því að þessi ákvæði í leiðbeiningunum og Reglum Kauphallarinnar séu ekki nægjanleg. Þá gildir það sama um 3. gr. og 1. gr., þ.e.a.s. ákvæði af þessu tagi eiga heima í samþykktum félaga.

Í 8. og 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aukna minnihlutavernd hvað varðar rannsókn á stofnun félags og skaðabótakröfur sem félagið hefur uppi. Ákvæði af þessum toga eiga ekki heima í lögum heldur í samþykktum félaga. Með því móti hafa félög val um það hvort þau taka upp slík ákvæði. Ef fjárfestar, einkum minni fjárfestar, telja að hagsmunum sínum sé betur varið ef slíkt ákvæði gildir þá hefðu þeir val um að fjárfesta aðeins í félögum sem hefðu slíkt ákvæði í samþykktum sínu. Þannig væru hagsmunir allra tryggðir, ef þeir gera sjálfir reka að því að tryggja þá.

Önnur ákvæði frumvarpsins, 1., 3., 5. og 7., 11. og 12. gr., fjalla um rafræna stjórnarhætti og gerir Viðskiptaráð ekki athugasemd við þau.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga, nema þau ákvæði er varða rafræna stjórnarhætti.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson